



Áfangalýsing ML

Titill:	Þemaverkefni, ritun og tjáning
Námsgrein:	Enska
Viðfangsefni:	Þemaverkefni í tengslum við frekara nám á háskólastigi, þjálfun í ritun og tjáningu á ensku
Skammstöfun:	ENSK3TE05
Prep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Markmið áfangans er að nemendur vinni kerfisbundið að undirbúningi fyrirhugaðs náms á háskólastigi. Nemendur vinna með þá tækni og þau vinnubrögð sem kennd hafa verið í fyrri áföngum og það er ætlast til að þeir skili verkefnum af ýmsu tagi í tengslum við umfjöllunarefnið; þá vinna þeir með rannsóknir og greinar sem tengjast faginu, tileinka sér orðaforða innan fagsins þannig að þeirverði færir um að fræða aðra um fagið í ræðu og riti. Einnig er unnið með bókmenntaverk sem tengjast ákveðnum málsvæðum og/eða sögulegum viðburðum í sögu enskunnar. Í tengslum við bókmenntalið áfangans er lögð áhersla á að nemendur vinni sérstaklega með ritun og tjáningu. Áfanginn er sniðinn sérstaklega að hverri braut skólans og er því áherslumunur á milli brauta</p>
Forkröfur:	ENSK3SD05
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• Þeim verkferlum sem nauðsynlegir eru til þess að öðlast sérþekkingu í ákveðnu fagi• Fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérhæfingu• Sérhæfðri þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám• Þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í samfélagi sérhæfinga• Orðaforða og þekkingu í ensku sem nýtist til frekara náms eða í tengslum við sérhæfingu, krefjist hún þess



Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• Bera kennsl á og nýta sér sérþekkingu er tengist áhugasviði og/eða hverju því viðfangsefni sem hann kýs að vinna með• Tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt á ensku um sérhæfða þekkingu sína• Skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og aðferðum sérhæfinga á ábyrgan hátt• Sýna frumkvæði í vinnubrögðum við að leita lausna innan sérhæfingar• Taka ábyrgan þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• Tjá skoðanir og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt• Tjá sig á ensku, sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms• Beita siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi• Nýti þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu• Takast á við frekara nám
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlum í samræmi við skólanámskrá.